

## AUGLÝSING

### **frá ríkisskattstjóra nr. 7/2001 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila og tryggingagjalds á einstaklinga er lauk 31. október 2000.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar 2. apríl 2001.

*Reykjavík, 31. janúar 2001.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.